



## Viðbragðsáætlun Kvennaskólans í Reykjavík vegna COVID -19 smits eða gruns um smit

27. ágúst 2020 - **starfsfólk**

1. **Veikindi.** Starfsmaður verður veikur ⇒ Fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
2. **Smitrakningarteymi** hefur samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við skólameistara. Starfsmaður upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/-hólfi. Starfsmaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.
3. **Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: **Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur** með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við **24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart**. Ef ekki er um einkenni að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku

---

Dæmi: A fær einkenni 2. september og greinist með COVID-19 þann 4. september. Hann hitti B þann 1. september og þau unnu saman. B fer þá í 14 daga sóttkví talið frá 1. september.

---

4. **Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um umgengni eða samneyti starfsfólks koma upp er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir. Mikilvægt er að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það finnur fyrir einkennum. Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu; hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki algeng Covideinkenni en þó þekkt. Ef þessi einkenni koma upp hjá þér eða fjölskyldu þinni hvetjum við þig eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á [www.heilsuvernd.is](http://www.heilsuvernd.is) eða vaktsíma 1700 og gefa ofangreindar upplýsingar.
5. **Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:**
  - a. Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
  - b. Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.
6. **Nánari upplýsingar:**
  - a. [www.covid.is](http://www.covid.is)
  - b. **English:** <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/english/>